

Útkomið í A deild Stjórnartíðindanna.

Tilskipun um viðauka við tilskipun 28. septbr. 1899 um neyðarbendingar, er viðhafa skal á íslenskum skipum, undirskrifuð af konungi 20. marz 1901 (A. nr. 4, bls. 6—7).

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um gjöld til 39 fulltrúa stjórnarinnar á alþingi 1901. Samkvæmt allraþegnsamlegust- 4. maí um tillögum ráðgjafans fyrir Ísland hefir hans hátign konunginum 30. f. m. allramildilegast þóknast að samþykkja, að gjöldin til fulltrúa stjórnarinnar á alþingi 1901 sju ákveðin 2000 kr.

Þetta er hjer með þjónustusamlega tjáð yður, herra landshöfðingi, til leiðbeiningar og birtingar í B-deild Stjórnartíðindanna.

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um synjun kon- 40 ungsstaðfestingar á lagafrumvarpi um breyting og viðauka við 18. desbr. tilskipun um bæjarstjórn í Reykjavík 20. apr. 1872. — Með brjefi, (1900) dagsettu 28. janúar f. á., senduð þjer, herra landshöfðingi, ráðaneytinu lagafrumvarp, er samið hafði bæjarstjórnin í Reykjavík, um breyting og viðauka við tilskipun um bæjarstjórn í Reykjavík 20. apríl 1872, og var markmið frumvarpsins að rýmka um vald bæjarstjórnarinnar í ýmsum málum, einkum heilbrigðismálum, byggingarmálum og hafnarmálum, sem voru talin of mjög undanskilin úrskurðarvaldi bæjarstjórnarinnar. Þessari málaleitun svaraði ráðaneytið í brjefi til yðar 19. apríl s. á. þannig, að það eigi fyndi næga ástæðu til að leggja þannig lagað lagafrumvarp fyrir alþingi. Sumpart gat ráðaneytið nefnilega ekki aðhyllzt sköðun þá, er frumvarpið samkvæmt áður nefndu brjefi yðar var byggt á, að vald bæjarstjórnarinnar í Reykjavík eptir hinum gildandi ákvæðum væri í reyndinni minna í bæjarmálum en vald bæjarstjórna í hinum dönsku kaupstöðum samkvæmt lögum 26. maí 1868 um stjórn bæjarmála, sumpart varð ráðaneytið að vera þeirrar sköðunar, að meðferð hinna umræddu mála eptir frumvarpinu væri eigi samkvæm eðli þeirra, með því að hjer væri, að minnsta kosti að nokkru leyti, eigi aðeins um bein bæjarmálefni að ræða, heldur og um mál, er ættu að heyra undir úrskurð valdstjórnarinnar.

Í brjefi, dagsettu 24. október f. á., hafid þjer svo skýrt frá því, að eptir að bæjarstjórn Reykjavíkur hafði verið birt nefnt brjef ráðaneytisins, hafi hún samt haldið fast fram ósk sinni um að fá framgengt hinum umgetnu breytingum á hinni gildandi löggjöf,—en breytingar þessar telur bæjarstjórnin að sumu leyti allsendis nauðsynlegar, — og komið því til vegar, að lagafrumvarp, svo að segja samhljóða hinu framannefnda, var borið upp á alþingi af þingmanna hálfu. Lagafrumvarp þetta, sem alþingi samþykkti, hafid þjer sent hingað til úrslita.

14. dag júnímánaðar 1901.

Reykjavík — Ísafoldarprentsmiðja.

40 Með tilliti til óska bæjarstjórnarinnar um að mál þetta nái fram að 18. desbr. ganga og með því að því verður eigi neitað, að bæði hin nágildandi skipun um (1900) byggingarnefndina er í sumum greinum óheppileg, svo og að ástæða er til að fá í lög leidd ákvæði um heilbrigðismál bæjarins, mun ráðaneytið nú vera fúst til í nánara samráði við bæjarstjórnina, og á þann hátt, er hún hefir bent á, að veita aðstoð sína til þess, að bætt verði úr göllum þeim, sem hjer eiga sjer stað, eins og á hefir verið bent að framan. Lagafrumvarp það, er hjer liggur fyrir, hefir ráðaneytið enn orðið að telja miður heppilegt, og eitt atriði þess jafnvel þannig lagað, að það hefir eigi þótt ráðlegt að frumvarpið yrði leitt í lög.

Þótt ákvæði frumvarpsins um byggingarmálin og heilbrigðismálin eptir skoðun ráðaneytisins þyrfti breytingar við og aukningar, hefir þetta þó eigi ráðið úrslitum málsins hjá ráðaneytinu, nje heldur ákvæðin um leyfi til að gjörast húsmáður, með því að þessi breyting, svo ástæðulaust og óviðeigandi sem ráðaneytið verður að telja það að gefa bæjarstjórn Reykjavíkur í þessu efni sjerrjett og meira vald í samanburði ekki einungis við aðra kaupstaði, heldur og við sveitirnar, verður að teljast fremur þýðingarlitil. Öðru máli er að gegna um skipun hafnarmálanna í 2. gr. frumvarpsins. Hjer er eigi að ræða um bæjar-málefni eltt. Þar sem svo er mælt fyrir um í þessari grein, að stjórn á tekjum og gjöldum hafnarsjóðs, svo og allra hafnarmála, skuli falin bæjarstjórninni, og 6. gr. frumvarpsins jafnframt segir svo, að ákvæði þau í reglugjörð fyrir hafnarnefndina í Reykjavík 15. maí 1856, sem komi í bága við frumvarpið, skuli úr gildi numin, þá væri þar með einnig úr gildi felld ákvæði 7. gr. nefndrar hafnarreglugjörðar um að ráðaneytið setji taxa um hafnargjöld skipa, bryggju-gjald o. s. frv., og bæjarstjórnin hefði það þá algjörlega á valdi sínu að kveða á um þessa taxa, án þess að nokkur breyting yrði á þessu fengin, nema að því leyti sem 12. gr. tilsk. 20. apríl 1872 heimilar bæjarfógeta, þegar svo stendur á, að fella úr gildi um stund ákvarðanir bæjarstjórnarinnar, og skjóti málinu til úrskurðar landshöfðingja. Eptir ástæðum bæjarstjórnarinnar fyrir frumvarpinu er reyndar ástæða til að ætla, að eigi hafi verið til þess ætlazt, að numin yrði úr lögum hin nágildandi ákvæði um að ráðaneytið staðfesti hina umræddu taxa, og hvernig sem því væri háttað, þá hefir ráðaneytið, sökum þess að hafnarmálefnin eptir eðli sínu snerta hagsmuni margra annara en Reykjavíkur-bæjar álitid með öllu óráðlegt, að nema burtu þá tryggingu fyrir því að málum þessum sje skipað með hæfilegu tilliti til almannahags, sem er fólgin í hinni almennu fyrirskipuðu meðferð valdstjórnarmála, þannig að málin getu gengid frá óæðra yfirvaldi til æðra, og sjer í lagi virðist óráðlegt að nema burt þá tryggingu, sem fólgin er í því, að ráðaneytið í vissum aðalatriðum hefir færi á að kveða upp hinn endilega úrskurð.

Samkvæmt framanskriðuðu, og jafnframt því að ráðaneytið hefir geymt sjer rjett til þess síðar að leita allrahæsts samþykkis til að leggja fyrir alþingi frumvarp, sem bæði tekur til greina hinar framkomnu óskir að því er ráðlegt þykir, og reynir einnig að öðru leyti að ráða bót á göllum þeim, sem eru á ákvæðunum um bæjarstjórn Reykjavíkur, hefir ráðaneytið í allra þegnsamlegust-

um tillögum sínum um málið lagt það til, að hinu umrædda frumvarpi til laga 40 um breyting og viðauka við tilskipun um tilskipun um bæjarstjórn í Reykjavík 18. des. 20. apríl 1872 yrði synjað allrahæstrar staðfestingar, og hefir hans hátign kon- (1900) unginum 30. f. m. allramildilegast þóknast að fallast á tillögu þessa.

Þetta er yður til vitundar gefið til leiðbeiningar og birtingar í B-deild Stjórnartíðindanna ásamt ádurnefndu brjefi yðar frá 24. okt. f. á.

Brjef landshöfðingja.

Eptir að jeg hafði birt bæjarstjórninni í Reykjavík hæstvirt brjef hins háa ráðaneytis, dagsett 19. apríl þ. á., viðvíkjandi frumvarpi því, sem bæjarstjórnin hafði samið, um breyting og viðauka við tilskipun um bæjarstjórn í Reykjavík 20. apríl 1872, tilkynnti bæjarfógetiun mjer í brjefi 6. júlí s. á., að bæjarstjórnin hefði, eptir að hafa tekið málið á ný til fhugunar, komið að þeirri niðurstöðu, að breytingar þær á hinum gildandi ákvæðum, sem að skoðun ráðaneytisins væru á rökum byggðar, væru ónógar, því að bæjarstjórnin álti ný ákvæði, er færú í sömu átt, sem lagafrumvarpið, alveg nauðsynleg, einkum að því er snerti stöðu bæjarstjórnarinnar gagnvart byggingarnefndinni, og skipun heilbrigðisnefndar, sem alls ekki er til í kaupstaðnum. — Með því að ekki var tími til að leita áður samkomulags við ráðaneytið um nýnefnd mál og fleiri önnur atriði, ef málið átti að komast að á alþingi því, er þá var nýbyrjað, en það taldi bæjarstjórnin nauðsynlegt, fal hún alþingismanni Reykjavíkur, er einnig er bæjarfulltrúi, að bera málið upp á alþingi í þeirri von, að þörfin á laga-breytingum þeim, er bæjarstjórnin æskir eptir, mundi koma ljósara fram í umræðunum um málið, en í ástæðum þeim, er fylgdu frumvarpi bæjarstjórnarinnar, og hún hafði samið, þannig, að ráðaneytið sæji sjer eigi fært að leggja það til, að lagafrumvarpið, sem væntanlega yrði samþykkt af alþingi, öðlaðist allrahæsta staðfestingu. Samkvæmt þessu bar alþingismaður Reykjavíkur upp á alþingi nefnt lagafrumvarp bæjarstjórnarinnar óbreytt, og var það eptir löglegan undirbúning samþykkt af alþingi án breytinga.

Jafnframt því, að senda frumvarp þetta bæði í búningi þeim, er það kom í frá alþingi, og í danskri þýðing, skal jeg geta þess, að að mínu álti kom ekkert nýtt fram til upplýsingar á málinu í umræðunum um það á alþingi; að eins var þess getið, að úr því að 27 ára reynsla sýndi, að skipun þeirra mála, er lagafrumvarpið ræddi um væri óhagfelld, væri ástæða til þess að gjöra breytingar þær, sem bæjarstjórnin færi fram á, þótt eigi væru þær samkvæmar þeim ákvæðum, er giltu fyrir dönsku kaupstaðina. Með þessum athugasemdum leyfi jeg mjer virðingarfullst, að skjóta máli þessu til hæstvitra aðgjörða ráðaneytisins.

Brjef ráðaneytisins fyrir Ísland til landshöfðingja um stofnun hlutafjelagsbanka. Með brjefi, dagsettu 19. septbr. 1899, hafði þjer, herra 41 landshöfðingi, sent hingað tvær þingsályktanir, er báðar deildir alþingis hafa 22. maí samþykkt sama ár, þar sem skorað er á stjórnina, að svo framarlega sem hún eptir nákvæma athugun geti fallið á, að frumvarp það, um heimild til að stofna hlutafjelagsbanka, er þingið hefði haft til meðferðar, sje eptir stefnu þess og meginákvæðum vel til þess fallið, að verða leitt í lög, þá leggi hún, eptir nauðsynlegan undirbúning, slíkt frumvarp fyrir alþingi, og hefir efri deild bætt við þeirri ósk, að frumvarpið verði þá lagt fyrir alþingi svo fljótt, sem kostur er á. Jafnframt því að taka það fram, að þjer hafði annars ekki þá þekking á bankamálum, sem nauðsynleg sje til þess að geta kveðið upp dóm, er